

Bókmenntastund með Lísu og Peter.

Lise: Hvernig líður þér í dag, Peter.

Peter: Jújú, /bara vel! En þú?

Lise: Já, mér líður ágætlega!

Peter: Í dag ætlum við að tala um bókina *Maðurinn sem stal sjálfum sér* eftir Gísla Pálsson sem fjallar um Hans Jónatan, sem var fyrsti blökkumaðurinn á Íslandi.

Lise, þú valdir þér bókina fyrir hlaðvarpið í dag, geturðu sagt okkur af hverju þú kaust einmitt þessa bók.

Lise: Ég hef nú um nokkurt skeið lesið bækur um og eftir þræla. Til Dæmis *Incidents in the life of a slave girl* eftir Harriet Jacobs og *Twelve years a slave* eftir Solomon Northup.

Fleiri gamlar bækur eru nú fáanlegar í nýrri útgáfu og óþekktar sögur lifna við í kvikmyndum. Kvikmyndir byggðar á bókum eftir James Baldwin til dæmis, og „Blackkklansman“ er einmitt hægt að sjá í þessari viku í bíó. Ef maður getur sagt það, hef ég á tilfinningunni, að þræla-kvikmyndir og blökkumannasaga sé í tísku núna.

Sko, ég gúglaði hérna þetta efni, og hafnaði á vefsíða um Tyrkjaránið og las um það. Í tengslum við Tyrkjaránið komst ég yfir söguna af Hans Jónatan.

Peter: Bókin er í fjórum þáttum. Fyrsti þátturinn fjallar um bernsku Hans Jónatans á eyjunni St. Croix, hinn annar fjallar um tíma hans í Danmörku og sá þriðji fjallar um líf hans á Íslandi. Í fjórða þættinum segir Gísli Pálsson frá afkomendum Hans Jónatans og reynir að tengja saman þrælahald, kynþáttahatur almennt séð og helförina í þriðja ríkinu.

Fyrst ætlum við að segja frá sögu Hans Jónatans og síðan ætlum við að tala um hvernig okkur fannst bókin.

Kannski villtu byrja Lise.

Lise: Já, takk Peter.

Hans Jonatan var fæddur sautjánhundruð áttatíu og fjögur 1784 á St. Croix eða á Jómfrúreyjunum í Karabíska hafinu. Saint Croix var á þeim tíma dönsk nýlenda með borgina Christiansted sem stærstu borg.

Móðir Hans Jónatans hét Emilia Regina og var þræll hjá þýskum þrælaeigendum sem ræktuðu sykurplöntur. Þau seldu plantekruna til dansk ríkra hjóna og þrælarnir fylgdu með. Emilia var húsþræll og bjó af og til í borginni Christiansted. Þegar hér kemur við sögu var hún ólétt.

Við vitum ekki hver var faðir Hans Jónatans, við vitum bara að hann var hvítur danskur maður. Gísla Pálssyni grunaði hver faðir hans hafi verið, og nefnir tvo til þrjá kandiáta.

Þegar Hans Jónatan var lítill, fóru dönsku drottmararnir aftur til Danmerkur og móðir Hans fór líka. Hans Jónatan fór til Danmerkur seinna, og hitti móður sína aftur í Kaupmannahöfn.

Peter: Fjölskyldan von Schimmelmann býr í Amaliegade tuttugu og þrjú í Frederiksstaden. Hans flytur inn hjá henni. Honum er kennt að lesa, að skrifa og að reikna. Auk þess lærir hann að spila á fiðlu.

Árið sautján hundruð níutíu og þrjú deyr Ludvig Heinrich von Schimmelmann og eiginkona hans Henriette fær Hans Jónathan í arf.

Það er tíminn frönsku byltingarinnar og heimurinn stendur frammi fyrir miklum breytingum.

Það er fyrst og fremst háttíska byltingin sem leiðir til þess að afstaðan til Þrælahalds breytist.

Skömmu eftir að Hans kemur til Danmerkur er bannað að flytja þræla þangað.

Þrátt fyrir að þræðahald væri bannað í Danmörku er í tísku að eiga til dæmis hörundsdökka stráka sem skrautfjöður. Það er mögulegt að Hans hafi þjónað þessu hlutverki.

(ornamental reasons)

Þegar hann er 16 ára fer Hans frá eigandanum sínum og sækir um starf í danska sjóhernum. Hann berst í orrustunni fyrir utan Kaupmannahöfn gegn Englandi. Þrátt fyrir að Danmörk hafi tapað orrustunni lofar Frederik krónprins Hans því í bréfi að hann sé upp frá þessu frjáls maður. En eigandi Hans Jónatans, Henriette von Schimmelmann, fer fram á fjögur hundruð ríkisdali fyrir hann og sjóherinn vill ekki borga svo mikið. Hans Jónatan er dreginn fyrir dóm. Af því að lögfræðinginn hans er óhæfur og brefið frá Frederik krónprins horfið er Hans Jónatan dæmdur til að snúa aftur til ekkjunnar von Schimmelmann, sem ætlar að selja hann á St. Croix.

Hans Jónatan hverfur og sést aldrei aftur í Danmörku.

Lise: Hans Jónatan flúði frá Danmörku og sigldi til Íslands. Á Íslandi var honum ekki tekið sem þræl, heldur sem dönskum manni. Hann talaði dönsku, hann kunni að skrifa og reikna. Hann hafði fallegustu rithönd af öllum. Hann spilaði á fiðlu og var betur menntaður en flestir Íslendingar.

Mjög fljótt fékk Hans Jónatan vinnu hjá kaupmanninum Steffensen í Djúpavogi og var skráður sem aðstoðarmaður í manntalinu. Hann var ekki ríkur, en hann átti nokkrar kýr og tvo báta.

Hans Jónatan vann líka sem leiðsögumaður fyrir danskt ferðafólk/menn, og hann birtist í ferðasögum og ferðabókum hjá dönsku fólki sem skrifuðu um búsetu og ferðir um Ísland. Öll lýsa Hans Jónatan á jákvæðan hátt.

Eftir yfir tíu ár á Íslandi, giftist Hans Jónatan ungri konu sem hét Katrín. Þá hafði Hans Jónatan tekið við versluninni eftir að kaupmaðurinn, Steffensen, dó.

Peter: Börnin Hans Jónatans Ludvig Jónatan Jónatansson og Hansína Regina Jónatansdóttir áttu samanlagt fimm börn, sem sjálf áttu tuttugu og níu börn. Í dag eru mörg hundruð afkomendur Hans Jónatans sem búa á Íslandi, í Bandaríkjunum og í Noregi, til dæmis Davíð Oddsson, sem var forsætisráðherra Íslands frá árinu 1991 til ársins 2004 og borgarstjóri Reykjavíkur þar á undan.

Eins og ég sagði segir Gísli Pálsson líka frá kynþáttahatrinu almennt séð í fjórða þættinum bókarinnar og að bæði þrælahald og helförina í þriðja ríkinu væru afleiðingar þess en mér finnst það svólitið stutt og einfaldað.

Hvernig fannst þér bókina?

Lise: Jú, það er einsýnt að höfundurinn er fræðimaður. Heimildirnar eru til staðar, og allt vel skjalfest.

Peter: Já, en stundum þegar hann vantar staðreyndir, veltir Gísli vöngum fyrir því hvað Hans Jónatan gerði. Til dæmis skrifar hann: kannski lék hann sér með öðrum strák. Mér finnst það óþarft. Annaðhvort skrifar maður fagbók og heldur sig við staðreyndir eða maður skrifar skáldsögu byggða á sannri sögu og þá er það leyfilegt að búa til hluta sögunnar.

En sagan Hans Jónatans er áhugaverð og spennandi, enda þótt það séu glufur til í sögunni.

Lise: Jú, en mér finnst samt auðvelt að lesa bókina. Ég finn á mér að ég byrja að gúgla aðrar heimasíður sem tengjast efninu. Maður verður forvitinn.

Peter: Já, það er áhugavert að Danmörk hefur ekki gert upp nýlendustefnu sína þrátt fyrir hún hafi átt nýlendur og rekið þrælasölu.

Lise: Danmörk hefur ekki bara haldið vesturafrískum löndum, eyjum í Karabíska hafinu og Grænlandi í nýlenduáþján, heldur Íslandi líka. Ég heyri í bókinni krítískan tón sem ég ekki heyra annars staðar. Til dæmis þegar höfundur nefnir að Danir höfðu einkarétt á að versla með og til Íslands (kallast einokun). Réttur sem Danirnir sjálfir höfðu ákveðið. Ísland var þá og er enn eyja, og var þá ennþá meir en í dag háð vörum að utan.

Peter: Getur maður sagt að Hans Jónatan hafi frelsað sig úr þrælahaldi í Danmörku til þess að lenda aftur í þrælahaldi á Íslandi?

Lise: Neeei, þetta er ekki alveg satt. Fólk upplifði hann danskan mann, ef ég hef skilið það rétt. Eða næstum því. Það væri þá sem nýlendudrottnari frekar en þræll. En ég skil ekki af hverju Íslendingar eru ekki pirraðri á dönsku sem námsgrein í skólanum, á hagfræðilegri nýtingu í fortíðinni... Kannski af því að efnahagsleg staða Íslands er sterk núna?

Peter: Ef Noregur væri ekki svo velmegandi, væruð þið kannski líka reið í garð Danmerkur.

Lise: Já, við gætum talað frekar og áfram um þetta, en nú er tíminn því miður liðinn. Takk fyrir okkur og að þú hafir hlustið á okkur.

Peter: Og takk Lise, við sjáumst í næstu viku þá tölum við um *Maðurinn sem hataði börn* eftir Þórarin Leifsson. Takk og bless.

Lise: Bless, bless.

Glósur til Bókmenntarstund:

blökkmaður - people of colour

þræll - Sklave

Tyrkjaránið - Überfälle von Piraten, Island, 1627, Isländer wurden als Sklaven zum Ottomanischen Reich mitgenommen und verkauft.

Í tengslum við - in Verbindung mit

þáttur - hier: Abschnitt

bernsku - Kindheit

nýlenda - Kolonie

þrælaeigandi - Sklavenbesitzer

sykurplöntur - Zuckerrohr/Zuckerpflanzen

plantekruna (plantekra (f)) - Plantage

ólétt - Schwanger

drottnari (im Text als drottarnarnir) - Herrscher, Besitzer in plural def.

bylting - Revolution

bannað - verboten

eiginkona - Ehefrau

þrælahald - Sklaverei

hörundsödkkur - dunkelhautig, people of colour

hlutverk - Rolle, Aufgabe, Funktion, Eigenschaft

sjóher - Marine

orusta/orrusta (im Text als orrustunni) - Schlacht, Kampf

lögfræðing - Anwalt

óhæfur - inkompetent

að hverfa - verschwinden

flúði, að flýja - fliehen, flüchten

rithönd - handschrift

skráður - urkundlich, eingeschrieben

aðstoðarmaður - Assistent, Helfer, Angestellter

mantalið - Volkszählung, Register

leiðsögumaður - Guide, Reiseleiter
ferðafólk - Reisende, Touristen
jákvæð - positiv
afkomandi - Nachkomme
forsætisráðherra - Premierminister, Regierungschef, Ministerpräsident
kynþáttahatur - Rassismus
helför - Holocaust
afleiðing - Folge, Konsequenz
höfundur - Autor
fræðimaður - Wissenschaftler
skjalfest - dokumentiert
velta vöngum - spekulieren
einkarétt - Monopol
háð (háður) - abhängig
pirraður - ärgerlich
námsgrein - Schulfach
hagfræðilegur - ökonomisch, wirtschaftlich
nýting - Ausbeutung, Nutzung
efnahagslegur - wirtschaftlich